

Alþingi
Atvinnuveganefnd
v. Austurvöll
150 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 22. apríl 2025

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp um breytingar á raforkulögum (raforkuviðskipti), þingskjal 282 – 251. mál

Inngangur

Samorka fagnar því að fram sé komið frumvarp til laga sem mælir fyrir um tilteknar háttennisreglur í raforkuviðskiptum, þar sem m.a. er kveðið á um bann við markaðssvikum og innherjasvikum. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu þá skila samkeppnishæf verð á heildsölumarkaði betra verði fyrir neytendur í smásölu og því mikilvægt að tryggja gagnsæi og heiðarleika í verðmyndun á heildsölumarkaði.

Frumvarpið felur í sér að innleidd eru að hluta í íslenskan rétt ákvæði svokallaðrar REMIT reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1227/2011, breytt með reglugerð nr. 2024/1106. REMIT reglugerðir Evrópusambandsins eru ekki innleiddar að fullu samkvæmt frumvarpinu, en stigin mikilvæg skref í þá átt og til að mynda kveðið skýrt á um bann við innherjasvikum og markaðsmisnotkun. Auk þess sem frumvarpið mælir fyrir um leyfisskilyrði til að reka viðskiptavettvang raforku, birtingu innherjaupplýsinga, skráningu markaðsaðila og heimild Raforkueftirlitsins til að kalla eftir upplýsingum um viðskipti með heildsöluorkuafurðir.

Þó frumvarpið feli í sér innleiðingu á mikilvægum háttennisreglum sem eru líklegar til að stuðla að trausti og gagnsæi á raforkumarkaði, þá felast einnig í þeim ríkulegar kröfur um háttsemi markaðsaðila sem eru nýjar af nálinni og mikilvægt að fyrirtæki sem starfa á raforkumarkaði hafi tök á að aðlagast sig að nýjum reglum og nýju verklagi.

Eins og fram kemur í frumvarpinu mun þurfa að útfæra ýmislegt nánar, svo sem í reglugerð og með leiðbeiningum frá Raforkueftirlitinu. Nægir hér að nefna:

- Kveðið verði á um skilyrði um leyfisveitingar og starfsemi viðskiptavettvangs raforku í reglugerð (4. mgr. 3. gr. frumvarpsins)
- Hvaða kröfu Raforkueftirlitið gerir um miðlæga birtingu innherjaupplýsinga (3. mgr. 5. gr. c)
- Fyrirkomulag um skráningu markaðsaðila (5. gr. d. í frumvarpinu)
- Kröfur Raforkueftirlitsins um afhendingu upplýsinga um viðskipti (5. gr. d.)

- Reglugerð sem kveða mun nánar á um bann við markaðsmisnotkun og innherjasvikum, upplýsingar sem teljast til innherjaupplýsinga og birtingu þeirra, skráningu markaðsaðila, upplýsingaskyldu um viðskipti, eftirlit og greiðslu kostnaðar af eftirliti (5. gr. f)
- Leiðbeiningar raforkueftirlitsins um beitingu 20. gr. a – 20. gr. e., sbr. 2. mgr. 5. gr. f.

Ljóst má vera að ekki verður hægt að beita lögunum, þar á meðal dagsektar- og sektarheimildum Raforkueftirlitsins fyrr en fullnægjandi reglugerðir og leiðbeiningar hafa verið birtar.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Hugtakið innherjasvik er skilgreint svo í 1. gr. frumvarpsins:

Innherjasvik: Ólögmæt innherjaviðskipti. Hafi aðili aðgang að eða búi yfir innherjaupplýsingum þegar til viðskiptanna er stofnað eru viðskiptin ólögmæt.

Í 1. mgr. 5. gr. b. segir svo undir fyrirsögninni *Bann við innherjasvikum*: Markaðsaðilar og aðrir sem búa að innherjaupplýsingum um heildsöluorkuafurðir raforku mega ekki:...

Þar er svo nokkuð ítarlega útfært hvað markaðsaðilar mega ekki gera ef þeir búa yfir innherjaupplýsingum og í 2. mgr. settar fram undanþágur.

Skilgreiningin eins og hún er sett fram í 1. gr. frumvarpsins hefur þannig í raun og veru enga sjálfstæða þýðingu þar sem bann við innherjasvikum er ítarlega útfært í 5. gr. b. Þannig færi betur á því að skilgreiningin yrði einfaldlega felld á brott.

Í 1. mgr. 5. gr. b er svo orðinu „raforku“ ofaukið og rétt að þar standi: Markaðsaðilar og aðrir sem búa að innherjaupplýsingum um heildsöluorkuafurðir mega ekki... enda er hugtakið „heildsöluorkuafurð“ ítarlega skilgreint í 1. gr. laganna.

Samorka leggur til að aðlaganir verði gerðar á gildistöku ákvæði laganna í samræmi við umfjöllun hér að framan um þær miklu kerfislegu breytingar sem lögin hafa í för með sér fyrir markaðsaðila og þá þörf sem er á reglugerðum og leiðbeiningum frá Raforkueftirlitinu til að hægt sé að uppfylla allar skyldur samkvæmt lögunum. Samorka leggur til að gildistökuákvæðið í 9. gr. kveði á um að lögin öðlist gildi 1. janúar 2026.

Lokaorð

Samorka beinir því til Raforkueftirlitsins og ráðuneytis umhverfis-, orku- og loftslagsmála að unnin verði innleiðingaráætlun í samráði við markaðsaðila þar sem fram komi áætlun um gerð, birtingu og samráð vegna þeirra stjórnvaldsfyrirmæla sem útbúa þarf til að rétt virkni fáiast í lögin og að sú vinna verði unnin fram að gildistöku laganna.

Samorka þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn um frumvarpið og lýsir yfir vilja til að mæta á fund atvinnuveganefndar og gera nánari grein fyrir því sem hér kemur fram.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur